

Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands

Fundur var haldinn í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands þann 11.mars 2010 kl. 16:00 í Hermes á Reyðarfirði og var 1. fundur stjórnar á árinu.

Mætt voru: Þráinn, Halldóra, Svanhvít, Elfa, Einar og Sigurbjörn.

Dagskrá:

1. **Stjórn skiptir með sér verkum**
2. **Yfirferð á samningi SKA vegna endurskoðunar**
3. **Önnur mál**

1. **Stjórn skiptir með sér verkum**

Þráinn Lárusson var kjörinn varaformaður og Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir var kjörin ritari.

2. **Yfirferð á samningi vegna endurskoðunar**

Stjórninni er fyrst og fremst ætlað að fara yfir lið nr. 2, þ.e. verkefni Skólaskrifstofunnar. Sigurbjörn og hans fólk hafa nú þegar lagst yfir samninginn og gert nokkrar tillögur að breytingum.

Við þurfum að vera búin að klára þetta fyrir aðalfundinn og bera samninginn undir okkar bakland.

Þá kynnti Sigurbjörn drög að reglugerð um sérfræðipjónustu vegna leik- og grunnskóla og nemandaverndarráðs grunnskóla.

Stjórninni falið að kynna sér þessi mál og verði umræðunni fram haldið á næsta fundi.

3. **Önnur mál**

- a) Bréf til félagsmálastjóra Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs varðandi ABG. Málið snýst um greiningarvinnu vegna nemenda sem hafa lokið grunnskóla.. 8. des barst svar frá félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs sem lýsir ánægju sinni með málið.
- b) Sigurbjörn kynnti svar við fyrirspurn um rétt grunnskólanemenda til að stunda nám á framhaldsskólastigi.
- c) Sigurbjörn fékk fyrirspurn í tölvupósti um starfsmöguleika talmeinafræðings. Sigurbirni falið að ræða við fyrirspyrjanda og reyna að ná samkomulagi við hann. Stjórnin fagnar þessari fyrirspurn og vonast eftir farsælum endi.
- d) Sigurbjörn sendi inn umsókn varðandi það að styrkja þjónustu vegna barna með ADHD. Hann sótti um styrk vegna leikskólanna og einnig stórs námskeiðs um ADHD fyrir grunnskóla.
- e) Hann (SM) sótti einnig um í Endurmenntunarsjóðinn, lífsleikninámskeið, Skapandi og árangursríkt skólastarf (sem verður líklega í samstarfi við KSA og SKAUST) og lokum í framhaldsnámskeið vegna Numicon.

- f) Föstudaginn 5. febrúar var fjarfundur um Tourette á vegum Skólaskrifstofunnar.
- g) Jarþrúður og María Huld tóku þátt í grunnenntun PMT og útskrifuðust.
- h) Jarþrúður er á ART námskeiði (stjórn á reiði- og árásarhegðun). Á námskeiðinu er m.a. tekið á samskiptum, siðfræði og félagsfærni.
- i) María Huld og Orri Smáráson byrjuðu með þriðja námskeiðið „Klókir krakkar.“ Mikil ánægja er hjá þeim sem hafa farið á fyrri tvö námskeiðin (þ.e. hjá þeim sem hafa farið eftir leiðbeiningunum).
- j) Tölvuhýsing er nú komin til EJS. Breytingin gekk í gegn um áramótin. Einnig símkerfið. Gengið vel það sem af er.
- k) Staða mála
Frá hausti: 263 beiðnir (um 300 verk, auk þess sem var fyrirbyggjandi frá síðasta skólaári) 60 börn á biðlista hjá sálfræðingum. Gífurlegt álag á þær. Stjórnin vill enn og aftur ítreka þakklæti sitt til starfsfólks Skólaskrifstofunnar sem vinnur mjög gott starf.
- l) Þráinn vildi benda á áhugaverðan fyrirlestur í Safnaðarheimilinu á Reyðarfirði 21. mars. Fjallar um sjálfsvíg og eineltismál. Hann hvatti stjórnarmenn til að koma á þennan fyrirlestur.

Ekki fleiri mál rædd. Fundi slitið 17:10

Halldóra D. Hafþórsdóttir (sign)

Elfa Rúnarsdóttir (sign)

Þráinn Lárusson (sign)

Sigurbjörn Marinósson (sign)

Svanhvít Aradóttir (sign)

Einar B. Kristbergsson (sign)